Reykjavík

Félagsmiðstöðin Gleðibankinn

Starfsáætlun 2026-2027

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:
Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Efnisyfirlit:

Inngangur 3
Innra mat 2025-2026 4
Umbótaáætlun 2026-2027 5
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins 8
Helstu dagsetningar 9
- Ágúst 9
- September 9
- Október 9
- Nóvember 9
- Desember 9
- Janúar 9
- Febrúar 9
- Mars 10
- Apríl 10
- Maí 10
- Júní 10

Inngangur

Gleðibankinn heyrir beint undir skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.
Starfsáætlunin gildir frá 1. september 2026 til 31. ágúst 2027 og fjallar um umbótaþarfir, faglegar áherslur, helstu verkefni starfsársins og niðurstöður innra mats.

Virk þátttaka barna er leiðarljós í starfinu. Áhugasvið þeirra er útgangspunktur í verkefnum og samtöl við þau eru hluti af mati á líðan þeirra og árangri starfsins.

Fjölbreytileiki og inngilding birtist í stuðningi við þátttöku barna í bæði opnu starfi og sértækum úrræðum. Sérstaklega er stutt við börn sem glíma við félagslega einangrun, samskiptavanda eða áhættuhegðun.
Döff börn og flóttabörn fá einnig viðbótarþjónustu og stuðning til að sækja félagsmiðstöðina.
Táknmálsfræðingur starfar í Gleðibankanum og allt starfsfólk lærir táknmál.

Umhyggja felst í að greina þarfir barna í daglegu starfi og bregðast við þeim í samstarfi við börnin sjálf, foreldra, skóla og aðra fagaðila. Sértækt hópastarf er helsta verkfærið til að takast á við erfið samskipti, útilokun og áhættuhegðun. Þar er unnið með sjálfsmynd, seiglu og virðingu fyrir öðrum, með líðan bæði þátttakenda og barnahópsins í heild að leiðarljósi.

Framsækni felst í að þróa starfið út frá þörfum barnanna og meta hvort það skili tilætluðum árangri. Auk samtala og faglegs mats verða kannanir lagðar fyrir valda hópa fyrir og eftir sértækt hópastarf.
Forstöðumaður tekur niðurstöður saman í lok hverrar annar og nýtir þær til að bæta starfið og sýna fram á gildi þess.

Áætlunin tekur mið af því að núverandi svigrúm til sértæks starfs er fullnýtt og starfið hefur verið háð styrkjum. Aukið fjármagn, bætt húsnæði og verkefnastjórastöður fyrir háskólamenntað starfsfólk eru grundvallarforsendur frekari þróunar. Þær breytingar krefjast ákvarðana og stuðnings SFS og verða ekki leystar með starfsáætlun félagsmiðstöðvarinnar einni saman.

Innra mat 2025-2026

Innra mat byggir á matsblöðum um gæði frístundastarfs, niðurstöðum kannana, samtölum við börn, foreldra og skóla og faglegu mati starfsfólks. Eftirfarandi styrkleikar og umbótaþarfir eru úr starfs- og aðgerðaráætlun Gleðibankans og reynslu starfsfólks.

Styrkleikar

Almenn líðan barna og unglinga er góð og mælist ívið betri en Reykjavíkurmeðaltal samkvæmt niðurstöðum Íslenskra æskulýðsrannsókna. Innra mat kemur almennt vel út og aðrir þættir starfsins ganga vel.
Sértækt hópastarf er helsta verkfærið til að vinna með sameiginlegar áskoranir barna. Þar er unnið að sterkari sjálfsmynd, aukinni seiglu og vellíðan og minni áhættuhegðun.
Kannanir hafa sýnt bætta líðan og sjálfstæði þátttakenda, meiri virðingu fyrir öðrum og fjölbreytileika og minni áhættuhegðun.
Árangurinn er mismikill og ekki er gengið út frá því að allir þátttakendur nái sama árangri.
Samstarf við skóla, þjónustumiðstöð og foreldra er lykilþáttur í árangrinum. Þarfir eru greindar í opnu starfi, samtölum við samstarfsaðila og foreldra og á lausnateymis- og teymisfundum. Forgangsröðun tekur mið af áhrifum vandans á stöðu og líðan barnahópsins í heild, meðal annars samskiptum og menningu innan hópsins.

Eftirfylgni fer oftast fram með samtölum við börnin, foreldra og skóla og stundum með könnunum. Starfsfólk metur alltaf stöðuna og faglegt mat þess vegur þyngst við ákvörðun um hversu lengi hver hópur þarf stuðning.

Tækifæri

Depurð mælist meiri hjá stúlkum en drengjum bæði á miðstigi og unglingastigi. Því þarf áfram að greina þarfir þeirra og bregðast við með viðeigandi stuðningi og sértæku starfi.
Húsnæði og aðstaða takmarka þróun starfsins. Fyrri nefndarvinna og fundir með verkefnastjórum húsnæðismála hafa ekki skilað lausnum. Þörf er á auknu sérrými félagsmiðstöðvarinnar.

Fjölbreytileiki starfsmannahópsins mætti vera meiri. Lækkun starfshlutfalla takmarkar möguleika til umbóta hvað það varðar. Verkefnastjórastöður fyrir háskólamenntað starfsfólk eru grundvallarforsenda frekari faglegrar þróunar. Félagsmiðstöðvar missa mjög reglubundið sitt reyndasta starfsfólk þegar þau þurfa að taka næsta skref í sínum starfsferli þar sem engar stöður eru til sem gera kröfur um háskólamenntun nema stjórnendastöður. Kostnaðurinn við þetta er mikill og gæði starfsins tekur reglulega

dýfur þar sem nýtt starfsfólk þarf að tileinka sér hugmyndafræði og starfshætti.

Sértækt starf hefur verið háð styrkjum og svigrúmið til að bregðast við auknum þörfum ekki til staðar. Styrkirnir duga ekki til að mæta öllum þörfum barnahópsins. Aukin úthlutun myndi gera okkur kleift að ná til fleiri barna án þess að draga úr gæðum starfsins.
Húsnæðis- og mannauðsbreytingar eru langtímaverkefni sem ekki er raunhæft að ljúka innan einnar ársáætlunar.

Umbótaáætlun 2026-2027

Umbætur á starfsárinu beinast að markvissara árangursmati og eftirfylgni með langtímaforsendum starfsins. Ekki er gert ráð fyrir auknu umfangi sértæks starfs innan óbreytts fjárhagsramma.

Heiti aðgerðar:	Markvissara mat á sértæku hópastarfi
Umbótaþáttur/matsþáttur	Faglegt starf og líðan barna.
Tækifæri til umbóta.	Sýna skýrar hvaða árangri hópastarf skilar og nýta niðurstöður til þróunar.
Aðgerðir til umbóta.	Leggja kannanir fyrir valda hópa fyrir og eftir starfið. Nýta jafnframt samtöl við börn, foreldra og skóla og faglegt mat starfsfólks.
Ábyrgð	Forstöðumaður heldur utan um aðgerðir og mat í samstarfi við starfsfólk.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Starfsárið 2026–2027. Samantekt í lok hvorrar annar.
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Niðurstöður kannana verða teknar saman í lok hverrar annar og rýnt í þær með starfsfólki. Starfsmenn meta á meðan starfi stendur hversu mikla þjónustu hver hópur fær.
Viðmið um árangur.	Fyrir- og eftirmat liggur fyrir hjá völdum hópum og niðurstöður eru teknar saman í lok hvorrar annar. Þær nýtast við áframhaldandi skipulagningu.

Heiti aðgerðar:	Fjármagn og fagleg mönnun sértæks starfs
Umbótaþáttur/matsþáttur	Bjargir og skipulag og faglegt starf.
Tækifæri til umbóta.	Auka fjölbreytileika starfsfólks og skapa verkefnastjórastöður sem krefjast háskólamenntunar.
Aðgerðir til umbóta.	Nýta samantektir árangursmats til að sýna gildi starfsins og styðja við rök fyrir aukinni úthlutun og faglegum stöðugildum. Núverandi svigrúm er fullnýtt og starfið háð styrkjum.
Ábyrgð	Forstöðumaður heldur utan um rökstuðning og eftirfylgni. SFS tekur ákvarðanir um úthlutun og stöður.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Starfsárið 2026–2027. Langtímamarkmið; ekki er gert ráð fyrir að stöðubreytingum verði lokið innan ársins.
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Rýna stöðu í lok hverrar annar samhliða árangursmati og skrá hvort úthlutun eða mönnun hafi breyst.
Viðmið um árangur.	Fyrir liggja ítarlegri gögn um árangur starfsins og rökstudd þörf fyrir aukið fjármagn. Framkvæmd er háð stuðningi SFS.

Heiti aðgerðar:	Húsnæði sem styður faglegt starf
Umbótaþáttur/matsþáttur	Bjargir, skipulag og aðstaða.
Tækifæri til umbóta.	Auka sérrými félagsmiðstöðvarinnar og bæta aðstöðu til starfs með börnum og unglingum.
Aðgerðir til umbóta.	Fylgja eftir áður skilgreindri þörf fyrir aukið sérrými í samskiptum við SFS og viðeigandi aðila Reykjavíkurborgar. Fyrri nefndarvinna og fundir hafa ekki skilað lausn.
Ábyrgð	Forstöðumaður fylgir þörfinni eftir. Ákvarðanir og úrbætur eru á ábyrgð Reykjavíkurborgar og SFS.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Málið hófst haustið 2025 og er ólokið. Eftirfylgni heldur áfram 2026–2027; ekki er raunhæft að gera ráð fyrir lausn á þessu starfsári.
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Staða tekin í lok starfsárs og skrá framvindu og ákvarðana.
Viðmið um árangur.	Langtímaviðmið er aukið sérrými félagsmiðstöðvarinnar. Framvinda er metin út frá raunverulegum ákvörðunum og breytingum á aðstöðu.

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027.

Sértækt hópastarf tekur mið af þörfum barna og áskorunum sem hafa áhrif á barnahópinn. Það byggir á áhugasviði þátttakenda og vinnu með sjálfsmynd, samskipti, seiglu og gagnrýna hugsun. Þannig tengist það félagsfærni, sjálfseflingu og heilbrigði í menntastefnu og áherslum frístundastarfs um þátttöku, jöfnuð og forvarnir.

Þorpið er ekki lengur í gangi sem sérstakt verkefni. Það styrkti samtal og samstarf foreldra en náði aðeins til eins af fimm árgöngum. Sértækt hópastarf er yfirgripsmeira, tekur lengri tíma og þarf að mæta ólíkum þörfum allra árganga. Reynsla af foreldrasamstarfinu nýtist áfram.

Inngilding döff barna og flóttabarna er sérstök áhersla sem hafa áður verið styrkt sérstaklega af SFS. Báðir hópar fá viðbótarþjónustu og stuðning til að mæta í félagsmiðstöðina. Táknmálsfræðingur er í starfinu og allt starfsfólk lærir táknmál. Markmiðið er að börnin geti tekið þátt í samfélagi félagsmiðstöðvarinnar og myndað tengsl við önnur börn.

Þróun á starfsárinu beinist að því að sýna betur fram á árangur vinnunnar með könnunum hjá völdum hópum og samantekt í lok hvorrar annar. Niðurstöðurnar eiga að nýtast bæði til umbóta og til að rökstyðja þörf fyrir verkefnastjórastöður sem krefjast háskólagráðu. Fjölgun þeirra er áfram meginmarkmið til lengri tíma, þótt hún sé ekki raunhæf innan núverandi ársramma.

Helstu dagsetningar

Ágúst
17. ágúst – Starfsfólk kemur til vinnu.
28. ágúst – Starfsdagur unglingasviðs.
31. ágúst – Skráningu lýkur fyrir starfsdaga Samfés.

September
9.–10. september – Starfsdagar Samfés.
14.–18. september – Hinsegin vikan. Dagur íslenskrar náttúru er 16. september.
19.-25. September – Ungmennaskiptiverkefni Erasmus+ – móttaka ítalskra ungmenna.

Október
1. október – Fræðsla: stafræn borgunarvitund.
9.–11. október – Landsmót Samfés.
19.–21. október – Vika félagsmiðstöðva og ungmennahúsa.

Nóvember
10. nóvember – Foreldrafræðsla – niðurstöður Íslenskra æskulýðsrannsókna kynntar.
11. nóvember – Skrekkur – undankvöld.
16. nóvember – Skrekkur – úrslit. Dagur íslenskrar tungu.
20. nóvember – Rímnaflæði. Dagur mannréttinda barna.
22.–26. nóvember – Erasmusferð stjórnenda.

Desember
9. desember - Jólafuglinn
10. desember – Starfsdagur stjórnenda.
16. desember –Jólaball

Janúar
21. janúar – Fræðsla og fundur.
22. janúar – Samfés Con.

Febrúar
8.–11. febrúar – Vika 6. Bolludagur, sprengidagur, öskudagur og dagur íslenska táknmálsins. Allir dagar tengjast dagskrá félagsmiðstöðvarinnar.
25. febrúar – Skipulag sumarstarfs hefst.
26.–27. febrúar – Skíðaferð miðborgar og hlíða.

Mars
5. mars – Danskeppni Samfés.
10. mars – Söngkeppni Tjarnarinnar (Nýtt heiti ekki komið).

Apríl
1. apríl – Skráning í söngkeppni Samfés hefst.
7.–8. apríl – Aðalfundur Samfés.
19.–21. og 23. apríl – Barnamenningarhátíð.

Maí
7. maí – SAMFEST.
18. maí – Mögulegur starfsdagur stjórnenda.

Júní
7. júní – Tengivika yfir í sumarstarf.